

**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**  
17 202

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**

**kt. 650269-4549**

**Keldnavegi 3, 112 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild Háskóla Íslands en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Tilraunastöðin að Keldum tók til starfa haustið 1948 og er hlutverk til greint með lögum nr. 67 frá 1990, og lögum nr. 50 frá 1986 um rannsóknir á fisksjúkdómum. Starfsemin er mjög fjölbætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í grunn- og þjónusturannsóknum, þ.e. líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkjudýrafræði, lífefnafræði og sameindalíffræði.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 817,6 milljónir og afkoma kr. 12,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 73,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 323,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit okkar að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Ingvarsson  
forstöðumaður

Kristín Kalmansdóttir  
framkvæmdastjóri

(undirrita rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	404.003.547	369.400.000
Aðrar tekjur .....		22.273.772	12.080.279
Seld þjónusta .....	3	251.854.303	223.807.678
Vörusala .....		31.603.786	30.997.334
Framlög og ymsar tekjur .....	4	91.670.834	114.977.119
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		494.506	873.297
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	15.670.450	12.963.584
<b>Tekjur samtals</b>		<b>817.571.198</b>	<b>765.099.291</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	554.251.637	540.465.096
Annar rekstrarkostnaður .....	6	235.560.730	221.418.852
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		1.438	92.175
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	15.670.450	12.963.584
<b>Gjöld samtals</b>		<b>805.484.255</b>	<b>774.939.707</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>12.086.943</b>	<b>(9.840.416)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	8	6.198.605	21.910.021
Viðskiptakröfur .....		31.096.008	23.527.241
Tengdir aðilar .....	9	233.142.559	223.213.585
Birgðir .....	10	8.482.200	9.303.070
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	44.038.673	33.965.738
<b>Eignir samtals</b>		<u>322.958.045</u>	<u>311.919.655</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	40.051.117	55.683.303
Viðskiptaskuldir .....		109.251.407	97.147.828
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	60.080.127	60.229.623
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	40.000.045	37.370.495
<b>Skuldir samtals</b>		<u>249.382.696</u>	<u>250.431.249</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		73.575.349	61.488.406
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	14	73.575.349	61.488.406
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>73.575.349</u>	<u>61.488.406</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>322.958.045</u>	<u>311.919.655</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		12.086.943	(9.840.416)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	15.670.450	12.963.584
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(15.670.450)	(12.963.584)
		<u>12.086.943</u>	<u>(9.840.416)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(7.568.767)	(1.804.143)
Tengdir aðilar .....		(33.004.545)	(122.853.690)
Birgðir .....		820.870	1.643.097
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		11.954.083	71.046.139
		<u>(27.798.359)</u>	<u>(51.968.597)</u>
		<u>(15.711.416)</u>	<u>(61.809.013)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(25.743.385)	(14.221.680)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	1.410.000
		<u>(25.743.385)</u>	<u>(12.811.680)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		7.443.385	0
Fjárfestingarframlag .....		18.300.000	12.811.680
		<u>25.743.385</u>	<u>12.811.680</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(15.711.416)	(61.809.013)
		<u>21.910.021</u>	<u>83.719.034</u>
		<u>6.198.605</u>	<u>21.910.021</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	375.800.000	18.300.000	394.100.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraulögum .....</b>	<b>375.800.000</b>	<b>18.300.000</b>	<b>394.100.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	15.900.000		15.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	12.303.547		12.303.547
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>404.003.547</b>	<b>18.300.000</b>	<b>422.303.547</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	54.535.285	3.404.757	57.940.042
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>458.538.832</b>	<b>21.704.757</b>	<b>480.243.589</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(391.916.604)	(25.743.385)	(417.659.989)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>66.622.228</b>	<b>(4.038.628)</b>	<b>62.583.600</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af sölum á þjónustu.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.



## Skýringar

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	0-5 ár
Farartæki og vélar .....	0-5 ár
Aðrar eignir .....	0-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	404.003.547	369.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	15.670.450	12.963.584
	<u>419.673.997</u>	<u>382.363.584</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	375.800.000	0	0	375.800.000
Launabætur .....	15.900.000	0	0	15.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	12.303.547	0	0	12.303.547
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>404.003.547</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>404.003.547</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(391.916.604)	0	0	(391.916.604)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>12.086.943</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>12.086.943</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	6.684.259	6.559.821
Verksala .....	152.241.181	139.910.395
Ýmsar þjónustutekjur .....	92.660.763	77.039.662
Veitinga- og gistiþjónusta .....	268.100	297.800
	<u>251.854.303</u>	<u>223.807.678</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.458.409	1.427.362
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	88.745.233	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	296.560	112.785.925
Ýmsar tekjur .....	1.170.632	763.832
	<u>91.670.834</u>	<u>114.977.119</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	451.796.220	439.550.394
Orlof, breyting .....	(3.480.396)	(586.074)
Launatengd gjöld .....	102.511.616	98.911.250
Starfsmannakostnaður .....	3.424.197	2.589.526
	<u>554.251.637</u>	<u>540.465.096</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	46,8	47,3
------------------------------	------	------

## Skýringar

2023 2022

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.782.262	526.528
Byggingarvörur, almennar ....	318.095	491.983
Byggingarvörur, aðrar ....	103.142	75.837
Tæki og búnaður til innréttinga ....	276.941	0
Ýmis tæki og áhöld ....	4.744.249	4.051.161
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	242.107	246.039
Orkugjafir ....	9.503.181	8.294.799
Matvæli ....	9.312.733	8.073.607
Almennar rekstrarvörur ....	3.673.927	3.277.221
Vörukaup, almenn	29.956.637	25.037.175
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar ....	0	4.110
Rannsóknarstofuefni ....	94.086.943	87.820.140
Kennslu- og föndurvörur ....	2.364.750	0
Ýmsar sérgreindar vörur ....	53.218	257.880
Vörukaup, sérgreind	96.504.911	88.082.130
Fundir, námskeið, risna ....	2.047.142	413.238
Ferðir, uppihald ....	5.515.583	7.887.676
Akstur ....	270.768	1.366.867
Sérfræðiþjónusta ....	36.208.198	48.388.620
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	314.067	340.100
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	319.999	600.802
Vistunargjöld ....	163.861	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	2.814.481	2.790.348
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	47.654.099	61.787.651
Afnotagjöld ....	4.099.098	4.560.353
Leigugjöld ....	470.881	296.713
Notkun véla og flutningatækja ....	280.970	575.962
Verkkaup ....	36.036.870	20.843.221
Tryggingar, lögboðnar ....	1.413.330	1.175.953
Opinber gjöld ....	18.317.740	17.353.930
Veittur afsláttur ....	5.324	7.380
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	60.624.213	44.813.512
Vörukaup ....	0	55.287
Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....	820.870	1.643.097
Vörur til endursölu og birgðabreyting	820.870	1.698.384
Annar rekstrarkostnaður samtals	235.560.730	221.418.852
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	14.703.257	12.019.249
Farartæki og vélar ....	967.193	631.006
Söluþap og úreltar eignir ....	0	313.329
	15.670.450	12.963.584

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 8 Handbært fé

Tékkareikningar .....	6.198.605	21.910.021
	<u>6.198.605</u>	<u>21.910.021</u>

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	190.992.659	166.106.705
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	42.149.900	57.106.880
	<u>233.142.559</u>	<u>223.213.585</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	40.051.117	55.683.303
	<u>40.051.117</u>	<u>55.683.303</u>

### 10 Birgðir

Fullunnar vörur .....	8.482.200	9.303.070
	<u>8.482.200</u>	<u>9.303.070</u>

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

### 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	41.821.369	30.781.241
Farartæki og vélar .....	2.217.304	3.184.497
	<u>44.038.673</u>	<u>33.965.738</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	141.607.904	9.553.124	66.053	151.227.081
Viðbætur á árinu .....	25.743.385	0	0	25.743.385
Selt/úrelt á árinu .....	(357.491)	0	0	(357.491)
	<u>166.993.798</u>	<u>9.553.124</u>	<u>66.053</u>	<u>176.612.975</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	110.826.663	6.368.627	66.053	117.261.343
Afskrift ársins .....	14.703.257	967.193	0	15.670.450
Selt/úrelt á árinu .....	(357.491)			(357.491)
	<u>125.172.429</u>	<u>7.335.820</u>	<u>66.053</u>	<u>132.574.302</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>41.821.369</u>	<u>2.217.304</u>	<u>0</u>	<u>44.038.673</u>

31.12.2023 31.12.2022

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	55.739.464	59.219.860
Skattar .....	4.340.663	1.009.763
	<u>60.080.127</u>	<u>60.229.623</u>

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	44.038.673	33.965.738
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(4.038.628)	3.404.757
	<u>40.000.045</u>	<u>37.370.495</u>

  

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	33.965.738	3.404.757	37.370.495
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	18.300.000	18.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	25.743.385	(25.743.385)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(15.670.450)	0	(15.670.450)
	<u>44.038.673</u>	<u>(4.038.628)</u>	<u>40.000.045</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 14,6 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	61.488.406	71.328.822
Afkoma ársins .....	<u>12.086.943</u>	<u>(9.840.416)</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<u>73.575.349</u>	<u>61.488.406</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um þjónustu, samstarf og aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna fyrir þjónustu nema kr. 8,9 m.kr. og aðrir samningar kr. 22,6 m.kr.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.